

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B98-101

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 98-101

Nr. 749-778

2005

Efnisyfirlit B 98–101 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
749	9. ágúst	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1653
750	12. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi	1654
751	11. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Garðaföt 9 í Garðabæ	1655
752	15. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar	1656
753	16. ágúst	Gjaldskrá fyrir gæðamat á æðardúni	1656-1657
754	16. ágúst	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1657
755	15. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag II. áfanga Naustahverfis, Akureyri.....	1658
756	2. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík.	1659
757	3. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, bensínstöð í Kaplakrika	1659
758	4. júlí	Auglýsing um breytt deiliskipulag í Fjarðabyggð	1660
759	25. júlí	Starfsreglur stjórnar Samkeppniseftirlitsins	1660-1662
760	5. ágúst	Auglýsing um skipulag í Mosfellsbæ	1662-1663
761	4. ágúst	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.....	1663-1665
762	4. ágúst	Samþykkt um hundahald í Hörgárbyggð.....	1666-1667
763	8. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olfugjalds.....	1668
764	8. ágúst	Auglýsing um skipulagsmál í Borgarbyggð	1668-1669
765	25. júlí	Auglýsing um umferð á Akranesi.....	1669
766	9. ágúst	Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum	1670
767	9. ágúst	Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum	1671-1672
768	9. ágúst	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.	1672-1675
769	4. ágúst	Samþykkt um kattahald í þéttbýli í Hörgárbyggð	1675-1677
770	7. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002.....	1677-1678
771	16. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.....	1678
772	16. ágúst	Auglýsing um takmörkun á innflutningi á sterkum chlepipar og afurðum úr honum, karrfi, túrmerík (curcuma) og pálmolíu.....	1678-1679
773	15. ágúst	Reglugerð um viðmiðunarmörk vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli.	1680-1681
774	11. ágúst	Samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Hafnarfirði..	1681-1682
775	12. ágúst	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1682-1683

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2005

Nr. 749

1653

9. ágúst 2005

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.174.1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. júní 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.174.1 sem afmarkast af Laugavegi, Barónsstíg, Hverfisgötu og Snorrabraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Tunguháls 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 20. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi vegna lóðarinnar Tunguháls 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Dverghamrar 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 20. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi vegna lóðarinnar Dverghamrar 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugarás, Hrafnista

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 20. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugarás, Hrafnistu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. ágúst 2005,

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 2005

Nr. 750

1654

12. ágúst 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Sólmundarhöfða á Akranesi.

Á fundi sveitarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting Sólmundarhöfða á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóð Dvalarheimilisins Höfða er stækkuð í 21.150 m² og hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,52.

Einnig verður heildarbyggingarmagn á lóð Höfða aukið úr 7.640 m² í 10.900 m².

Jafnframt verður heimilað að byggja 12 íbúðir fyrir eldri borgara í einu fjögurra hæða húsi í stað 30 íbúða í þremur 3ja hæða húsum.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. ágúst 2005.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Garðafliót 9 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Garðafliót 9 í Garðabæ sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að heimilað er að byggja við húsið til austurs.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 11. ágúst 2005,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2005

Nr. 752

1656

15. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

II. liður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

II. Reykjanesbær, Grindavík, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarks-tala er 41 atvinnuleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Reglugerð þessi gildir til 1. október 2005 er reglugerð nr. 259/2005 tekur gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

Nr. 753

16. ágúst 2005

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknum fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:
Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall kr. 3.000.

Auk grunngjalds reiknast kr. 150 fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu nr. 1/2005 frá 25. maí 2005, um akstursgjald ríkisstarfsmanna.

Gutenberg

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 52/2005 um gæðamat á æðardúni. Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2005.

F. h. r.

Hákon Sigurgrímsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.173.1, Timburhúsareitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. maí 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.173.1 sem afmarkast af Laugavegi, Vitastíg, Grettisgötu og Frakkastíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Arnarbakki 1 - 3, Breiðholtsskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 2. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðholt I, vegna Arnarbakka 1-3, Breiðholtsskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Jöklasel 21 — 23.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 20. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi/Mjóumýri, vegna lóðanna að Jöklaseli 21 — 23.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Axarhöfði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 29. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Artúnshöfða vegna nýrrar götu, Axarhöfða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 16. ágúst 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag II. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 19. apríl 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi II. áfanga Naustahverfis. II. áfanginn liggur vestan I. áfanga, sem er í byggingu, og afmarkast sá fyrirnefndi af golfvelli að vestan og af Tjarnarhól að norðan. Stærð skipulagssvæðisins er 19,9 ha og er í deiliskipulagi áfangans gert ráð fyrir alls 432 íbúðum í húsum af ýmsum gerðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F. h. Akureyrarbæjar, 15. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2005

2. ágúst 2005

1659

Nr. 756

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna vinstri beygju af Hverfisgötu til suðurs Ingólfsstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. ágúst 2005,

Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri.

3. ágúst 2005

Nr. 757

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. júní 2005 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, bensínstöð í Kaplakrika. Breytingin felst í að inni á opnu svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 – íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verði staðsett bensínsjálfsafgreiðslustöð með aðkomu frá Flatahrauni. Staðsetning bensínstöðvarinnar er sýnd með hringtákni fyrir verslunar- og þjónustusvæði innan íþróttasvæðisins.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 3. ágúst 2005,

Anna Sofia Kristjánsdóttir, arkitekt.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 14. júlí 2005 samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi.

1. Bakkar 3 í Neskaupstað. Breyting á lóðum við Sólbakka.
2. Deiliskipulag fiskihafnar á Reyðarfirði. Bætt er inn lóð nr. 9 við Ægisgötu.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 4. júlí 2005.

F. h. Bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason.

STARFSREGLUR

stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

1. gr.

Verkaskipting stjórnar og forstjóra.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnin er hluti af innra skipulagi stofnunarinnar og kemur ekki fram sem sjálfstæður aðili. Stjórnin fjallar um þau málefni sem greinir í reglum þessum.

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórninni, kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglega stjórn á starfsemi og rekstri hennar og tekur ákvarðanir fyrir hönd hennar. Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra.

2. gr.

Mótun áherslna og eftirlit með starfsemi.

Stjórnin mótar áherslur í starfi og skipulagi Samkeppniseftirlitsins og staðfestir skipurit fyrir stofnunina.

Stjórnin fylgist með starfsemi og verkefnum stofnunarinnar. Skal forstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfsemi stofnunarinnar. Verkáætlanir sem gerðar skulu fyrir hvert ár kynntar í stjórn.

Ársskýrslur Samkeppniseftirlitsins skulu kynntar stjórninni áður en þær eru birtar.

3. gr.

Meiri háttar efnislegar ákvarðanir.

Meiri háttar efnislegar ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Eftirtaldar ákvarðanir teljast meiri háttar:

- Ákvarðanir í málum þar sem um er að ræða ólögmætt samráð fyrirtækja á sama sölustigi, eða samtaka þeirra, um verð og önnur viðskiptakjör, upplýsingaskipti um atriði sem tengjast verðlagningu, takmörkun eða stýringu á framleiðslu eða sölu, skiptingu á mörkuðum og gerð tilboða í útboðum, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og eftir atvikum 53. gr. EES-samningsins. Hið sama gildir um aðgerðir á grundvelli 16. og 37. gr. samkeppnislaga vegna slíkra brota.
- Ákvarðanir í málum þar sem um er að ræða ólögmætt samráð fyrirtækja á mismunandi sölustigum um endursöluverð, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga og eftir atvikum 53. gr. EES-samningsins. Hið sama gildir um aðgerðir á grundvelli 16. og 37. gr. samkeppnislaga vegna slíkra brota.
- Ákvarðanir í málum þar sem um er að ræða misnotkun á markaðsráðandi stöðu þar sem velta hins brotlega fyrirtækis á síðastliðnu almanaksári er meiri en 1.000 milljónir króna, sbr. 11. gr. samkeppnislaga og eftir atvikum 54. gr. EES-samningsins. Hið sama gildir um aðgerðir á grundvelli 16. og 37. gr. samkeppnislaga vegna slíkra brota.
- Ákvarðanir í málum þar sem um er að ræða íhlutun vegna samruna fyrirtækja skv. 17. gr. samkeppnislaga. Hið sama gildir um ákvörðun um að hafast ekki að vegna samruna fyrirtækja sem starfa á sama markaði og hafa samanlagt 50% markaðshlutdeild eða meira.

Bráðabirgðaákvarðanir samkvæmt samkeppnislögum teljast ekki til meiri háttar ákvarðana skv. 1. mgr.

4. gr.

Rekstraráætlun og eftirlit með rekstri.

Stjórnin fylgist með rekstri stofnunarinnar. Forstjóri leggur fyrir stjórn tillögu um rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir næsta rekstrarár og annast samskipti við ráðuneyti og fjárveitingavald vegna fjárveitinga til stofnunarinnar. Forstjóri skal gera stjórn grein fyrir rekstrarstöðu stofnunarinnar eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

5. gr.

Hæfi stjórnarmanns.

Þegar stjórnarmaður telst vanhæfur samkvæmt 4. mgr. 7. gr. samkeppnislaga eða 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, skal varamaður taka sæti hans. Tekur viðkomandi stjórnarmaður þá ekki þátt í undirbúningi, meðferð eða ákvörðun í hinu tiltekna máli og tekur varamaður sæti í hans stað.

Stjórnarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála. Telji forstjóri eða formaður stjórnar að stjórnarmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í umfjöllun máls er þeim heimilt að krefjast þess að hann víki sæti áður en efni málsins er kynnt.

Nú er forstjóri vanhæfur til meðferðar máls og skal þá stjórn ákveða hvernig með skuli fara.

Um hæfi stjórnarmanns fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði mánaðarlega eða oftár þegar ástæða er til. Varamönnum er heimilt að sitja fundi stjórnar.

Stjórn er bær til þess að taka ákvarðanir ef tveir stjórnarmanna sitja fund eða varamenn í forföllum þeirra. Nú þóli ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska staðfestingar meiri hluta stjórnar utan fundar.

Fundargögn skal að jafnaði senda til stjórnarmanna a.m.k. degi fyrir stjórnarfund.

Bóka skal fundargerðir á stjórnarfundum, sem undirritaðar skulu af stjórnarmönnum. Í fundargerð skal koma fram hverjir sitja fundi, umfjöllunarefni á stjórnarfundum, ákvarðanir sem teknar eru og upplýsingar sem nauðsynlegt er að fram komi vegna ákvörðunar. Í fundargerð skal tilgreina þau gögn sem lögð eru fram á fundinum.

7. gr.

Þagnarskylda.

Þeim sem sitja stjórnarfund og þeim sem hafa aðgang að fundargögnum er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og öðlast gildi þegar í stað.

Samkeppniseftirlitinu, 25. júlí 2005,

Gylfi Magnússon,

formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

AUGLÝSING

um skipulag í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag Lundar. Ferðabjónusta Mosfellsbær.

Mosfellsbær hefur samþykkt deiliskipulag fyrir Lund í Mosfellsdal, vegna ferðabjónustu á fundi sínum þann 22. júní sl.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu á starfsemi tengdri ferðabjónustu auk gróðurhúss, hesthúss og vélageymslu.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/ 1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. ágúst 2005,

Tryggvi Jónsson
bæjarverkfræðingur.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Vestmannaeyjabær annast meðhöndlun úrgangs innan marka sveitarfélagsins.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með brennslu og urðun úrgangs. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um sorphreinsun og aðra meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2003 og reglugerða nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

2. gr.

Sorphreinsun og önnur meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. garðaúrgangs, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sörpílát og þær aðferðir við losun úrgangs sem bæjarstjórn í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands ákveður. Sörpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg frá gatna- og/eða vegakerfi. Húsráðendur skulu halda sörpílátum hreinum og hreinsa snjó frá sörpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun. Garðaúrgangi, brotamálmum og öðrum endurnýtanlegum úrgangi skal komið fyrir í sérmerkta gáma eða á svæði sem sérstaklega er vísað til. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu, skv. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélagið skal, með markvissri

stefnu og í samræmi við landsáætlun um meðhöndlun úrgangs sem og gildandi lög og reglugerðir um meðhöndlun úrgangs, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs (skv. svæðisáætlun) og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu, orkuvinnslu úr úrgangi og urðun sem skal vera með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Í sorpílát við íbúðarhús má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegan brennanlegan heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta í sorpílát mold, grjót, byggingarefni, o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát og skal skilað á viðurkenndan móttökustað. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja.

5. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilisúrgangi skal skila á endurvinnslu- eða söfnunarstöð sem hefur tilskilin starfsleyfi. Jarðvegsefnum skal komið á sérstakan losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir geta samið við þar til bærar aðila um að annast hirðu á rekstrarúrgangi á þeirra vegum og greiða þá aðeins sorpeyðingargjöld til sveitarfélagsins. Frágangur og umgengi um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar Suðurlands og er vísað í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

7. gr.

Óheimilt er að fleygja rusli, garðaúrgangi á opin svæði, þjóðvegi, götur, gangstíga og fjörur. Garðaúrgang má setja á ákveðna uppgræðslustaði með sérstöku leyfi umhverfis- og skipulagsráðs. Óheimilt er að skilja númerslaugar bifreiðar og aðrar vélar, báta eða tæki eftir á víðavangi. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er heimilt, í umboði heilbrigðisnefndar, og að undangenginni viðvörun, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðir á kostnað úrgangshafa. Viðvörun skal vera í formi límmaða, sem límdur er á tækið. Viðvörun skal auðkennd Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

8. gr.

Bæjarstjórn ákveður, að fengnum tillögum og í samráði við eftirlitsmann sorphirðu og framkvæmdaaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðvum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins og skal fara að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

II. KAFLI

Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs.

9. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11.

gr. laganna til að standa undir kostnaði við sorphreinsun og aðra meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldið má innheimta með aðför.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign eða lögaðila sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda og stærð sorphláta eða sormagn, hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang, og tíðni sorphreinsunar. Heimilt er að innheimta sorphirðu og/eða sorpeyðingargjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Ávallt skal taka tillit til flokkunar- og minnkunarpáttá, sem af flokkun leiðir með hagrænum hvötum. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorphláta við hverja fasteign. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

10. gr.

Bæjarstjórn rukkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna brennslu eða urðunar skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Umhverfisstofnun. Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna annarrar meðhöndlunar á úrgangi skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 22/1993 um sorphirðu í Vestmannaeyjum.

Umhverfissráðuneytinu, 4. ágúst 2005,

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hörgárbyggð.

1. gr.

Hundahald í Hörgárbyggð sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í þéttbýli í Hörgárbyggð leyfi til hundahalds. Umsóknnum þar um skal skilað til sveitarstjóra með eftirfarandi upplýsingum um hundinn: Nafn, tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni. Ekki þarf leyfi til að halda hunda á lögbýlum en eigendur hunda á lögbýlum, (sveitarbýlum) skulu skrá hunda sína hjá sveitarstjóra og fara eftir samþykkt þessari eftir því sem við á, sbr. greinar nr. 3, 4, 6, 7 og 8.

2. gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda hund í parhúsi, raðhúsi og/eða öðru fjölbýlishúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki íbúa sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, sbr. 13. tölul., stafl. A, 1. mgr. 41. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

3. gr.

Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili í þéttbýli og skal hundur ávallt bera merki á hálsól sem veitir upplýsingar um hver sé eigandi hans eða umráðamaður. Skylt er hundaeigendum að hafa hunda sína ábyrgðartryggða hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, öðrum dýrum, gróðri og munum. Fyrir 1. febrúar ár hvert, skulu hundaeigendur senda staðfestingu til sveitarstjóra á að hundur sé ábyrgðartryggður.

4. gr.

Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, fyrst er þeir hafa náð 4 mánaða aldri, sbr. ákvæði 57. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002. Upplýsingar um að hreinsun hafi farið fram ber að skila til sveitarstjóra fyrir 1. febrúar ár hvert.

5. gr.

Leyfi til að halda hund skal útgefið af sveitarstjóra að fengnu leyfi sveitarstjórnar.

6. gr.

Hundar mega ganga lausir í þéttbýli undir eftirliti og ábyrgð eigenda sinna. Eiganda hunds í Hörgárbyggð ber ávallt að gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna eða næturfriði. Ekki má gefa hundum hrámeti, eða annað það sem valdið getur óþrifnaði, utandyra. Leyfishafa í þéttbýli er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.

7. gr.

Óleyfilegt er að hleypa hundum inn á þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem eru m.a. almenningssfarartæki, leikvöllir eða eftirtalda staði:

- a) Gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.
- b) Skóla, leikskóla, skólalóðir.
- c) Íþróttastöðvar, baðstöðvar.
- d) Samkomuhús.
- e) Kirkjugarða.

8. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds í þéttbýli telji hún þess brýna þörf.

9. gr.

Sveitarstjóri annast skráningu og annað eftirlit með hundahaldi og getur hann leitað aðstoðar lögreglufirvalda þegar/ef þörf krefur.

10. gr.

Tilkynna ber um óleyfilega hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli til sveitarstjóra.

Hunda sem valda óþægindum, óþrifnaði eða raska ró manna má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða. Tilkynna skal eigendum um töku (merktra) hunda svo fljótt sem auðið er. Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og/eða eftirlitsmanns er heimilt að lóga hundinum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda gegn áföllnum kostnaði sé leyfi framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn var tekinn í vörslu. Heimilt er að lóga hundinum að þeim fresti liðnum enda hafi eiganda verið gert það ljóst þegar tilkynnt var um töku hundsins. Sama gildir um hunda sem teknir hafa verið og eigandi er óþekktur eða til hans næst ekki.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Hundaeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar.

Með brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Hörgárbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem halda hund við gildistöku samþykktar þessarar skulu sækja um leyfi fyrir þá fyrir 30. september 2005.

Umhverfisstofnun, 4. ágúst 2005,

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. reglugerðarinnar:

a) 6. mgr. orðist svo:

Með *steypuhræribifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki með yfirbyggingu og tunnu ásamt áföstum búnaði til steypublöndunar og á skilgreining þessi því ekki við ökutæki með útskiptanlegum búnaði til steypublöndunar.

b) Orðið „vatns“ í 8. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. ágúst 2005,

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

1. Deiliskipulagsbreyting við Arnarklett í Borgarnesi.

Breytingar felast í eftirfarandi atriðum:

- Bætt er við einni fjölbýlishúsalóð. Við þetta minnka lóðir nr. 28 og 30-32 samkv. eldra skipulagi. Fjölbýlishús er leyfilegt á 2-4 hæðum.
- Fjölbýlishúsalóðir sem voru nr. 28 og 30-32 við Arnarklett breytast í lóðir nr. 28, 30, 32-34.
- Fjölbýlishúsalóð nr. 26 er stækkuð ásamt því sem byggingarreitur er rýmkaður. Ennfremur er leyfilegt að vera með kjallara.

2. Deiliskipulag í Hamarslandi, reiðhöll og lokhús.

Deiliskipulagið tekur til reiðskemmu og lokhúss vatnsveitu í Hamarslandi í Borgarnesi.

3. *Deiliskipulag íbúðarhúss og frístundahúss á Litlu Brekku.*

Um er að ræða deiliskipulag tveggja lóða. Önnur lóðin er undir íbúðahús en hin undir frístundahús.

4. *Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Vallarás 5-18.*

Deiliskipulagið tekur til iðnaðarlóða við Vallarás í Hamarslandi í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag, skv. 1.-4. tl.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18., 25. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar, 8. ágúst 2005,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að biðskylda verði á umferð af:

1. Hagaflöt gagnvart umferð á Bresaföt.
2. Holtsflöt gagnvart umferð á Bresaföt.
3. Hólmaflöt gagnvart umferð á Bresaföt.
4. Ónefndri tengigötu milli Vesturgötu og Hafnarbrautar (Lambhúsastíg) gagnvart umferð á Vesturgötu.
5. Ónefndri tengigötu milli Vesturgötu og Hafnarbrautar (Lambhúsastíg) gagnvart umferð á Hafnarbraut.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 25. júlí 2005,

Ólafur P. Hauksson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessarar samþykktar, sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

2. gr.

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að auglýsa og grenndarkynna tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og nánari skilgreiningu Skipulagsstofnunar. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarráð afgreitt erindið og sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar.

Ef engar athugasemdir berast við nýjar deiliskipulagstillögur sem auglýstar hafa verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er skipulags- og byggingarráði heimilt að afgreiða þær til Skipulagsstofnunar nema bæjarstjórn ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

3. gr.

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að vísa frá eða synja erindum og veita um þau umsagnir ef þau eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða skipulagsreglugerð.

4. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarráð hefur afgreitt mál skal það tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Skal honum leiðbeint um heimild til þess að óska endurupptöku máls í skipulags- og byggingarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji skipulags- og byggingarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs, og telji skipulags- og byggingarráð að skilyrði um endurupptöku séu ekki fyrir hendi, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og 10. gr. byggingarreglugerðar, nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæránlega ákvörðun er að ræða.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett í umboði bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2005,

F. h. r.
Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarráðs og bæjarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessarar samþykktar með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr., sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um skipulags- og byggingarráð.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og nánari skilgreiningu Skipulagsstofnunar. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarfulltrúi afgreitt erindið og sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga með tilvísun til 2. mgr. 26. gr. sömu laga. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarfulltrúi afgreitt erindið til yfirferðar varðandi byggingarleyfið.

Ef veigamiklar athugasemdir eru gerðar við erindi skv. 1. og 2. mgr. skal vísa því til skipulags- og byggingarráðs.

Ef engar athugasemdir berast við deiliskipulagstillögur sem auglýstar hafa verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er skipulags- og byggingarfulltrúa heimilt að afgreiða þær til Skipulagsstofnunar nema skipulags- og byggingarráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

3. gr.

Telji skipulags- og byggingarfulltrúi að erindi séu bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða skipulagsreglugerð, eða telji óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktar, skal hann vísa umsókn til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs til kynningar og bókaðar í gerðabók ráðsins, en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Listi yfir afgreiðslurnar skal fylgja fundargerð skipulags- og byggingarráðs til bæjarstjórnar. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs skal koma fram að framangreindar afgreiðslur hafi verið lagðar fram. Skal listi skipulags- og byggingarfulltrúa yfir afgreiðslurnar varðveittur undirritaður af fulltrúanum og formanni skipulags- og byggingarráðs til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

5. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og byggingarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett í umboði bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2005,

F. h. r.

Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 61. gr. kemur orðið „menntaráð“ í stað orðsins „menntamálaráð“.

2. gr.

3. tölul. B-liðar 62. gr. verður svohljóðandi:

Þrjá menn í framtalsnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.

3. gr.

2. mgr. 68. gr. verður svohljóðandi:

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum, en skrifstofustjóri borgarstjórnar í fjarveru sviðsstjóra stjórnsýslu- og starfsmannasviðs.

4. gr.

Viðauki 1.2 um fullnaðarafgreiðslur menntaráðs án staðfestingar borgarráðs verður svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Menntaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Ráðningu skólastjóra grunnskóla, sbr. 1. mgr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995.
- b. Ráðningu skólastjóra leikskóla, sbr. 12. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, með síðari breytingum.
- c. Leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.

Menntaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a–c til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

- b. (2. gr.)

Framangreindar afgreiðslur menntaráðs, sbr. a–c-lið 1. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

- c. (3. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu menntaráðs eða hann kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menntaráð taka málið upp að nýju.

5. gr.

Viðauki 1.3 um fullnaðarafgreiðslur menningar- og ferðamálaráðs án staðfestingar borgarráðs Reykjavíkur verður svohljóðandi:

- a. (1. gr.)

Menningar- og ferðamálaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Ráðningu borgarbókavaraðar, sbr. 8. gr. laga um almanningsbókasöfn nr. 36/1997.
- b. Ráðningu borgarminjavarðar, sbr. ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- c. Ráðningu borgarskjalavaraðar, sbr. lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, sbr. reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.
- d. Ráðningu safnstjóra Listasafns Reykjavíkur.
- e. Ráðningu framkvæmdastjóra Gerðubergs.
- f. Ráðningu safnstjóra Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Menningar- og ferðamálaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a–f til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

- b. (2. gr.)

Framangreindar afgreiðslur menningar- og ferðamálaráðs, sbr. a–f-lið 1. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

- c. (3. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu menningar- og ferðamálaráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menningar- og ferðamálaráð taka málið upp að nýju.

6. gr.

Viðauki 1.4 um fullnaðarafgreiðslur framkvæmdaráðs án staðfestingar borgarráðs Reykjavíkur verður svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Framkvæmdaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Beiðnir um aðilaskipti að leigulóðum og byggingarrétti sem þegar hefur verið úthlutað samkvæmt reglum sem borgarráð setur.
- b. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.–83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Framkvæmdaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a og b til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

b. (2. gr.)

Framangreindar afgreiðslur skipulagsráðs, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

c. (3. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu framkvæmdaráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal framkvæmdaráð taka málið upp að nýju.

7. gr.

Viðauki 2.5 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra menntasviðs og skólastjóra verður svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Sviðsstjóri menntasviðs afgreiðir, án staðfestingar menntaráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Með sama hætti afgreiða skólastjórar grunnskóla mál skv. 3. gr. þessa viðauka.

b. (2. gr.)

Sviðsstjóra menntasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Að veita starfsleyfi til dagmæðra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992.
- b. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

c. (3. gr.)

Skólastjóri grunnskóla ræður aðstoðarskólastjóra, sbr. 2. mgr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995, að höfðu samráði við sviðsstjóra menntasviðs.

d. (4. gr.)

Afgreiðslur skv. 2. og 3. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulegum fundi menntaráðs.

e. (5. gr.)

Sviðsstjóri menntasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu menntaráðs. Þá getur skólastjóri vísað máli skv. 3. gr. til afgreiðslu borgarráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu menntaráðs.

f. (6. gr.)

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. og 3. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menntaráð taka málið upp að nýju.

8. gr.

Viðauki 2.6 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs fellur brott.

9. gr.

Viðauki 2.7 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík verður framvegis nr. 2.6.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prátt fyrir ákvæði 3. tölul. B-liðar 62. gr. verði framtalsnefnd skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara til loka yfirstandandi kjörtímabils.

Samþykkt þessi, sem sett er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar skv. 10. og 25. gr. og heimild í 2. og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2005,

F. h. r.

Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald í þéttbýli í Hörgárbyggð.

1. gr.

Kattahald í Hörgárbyggð sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í þéttbýli í Hörgárbyggð leyfi til kattahalds. Ekki þarf leyfi til að halda kött á lögbýlum, en eigendur katta á lögbýlum (sveitarbýlum) skulu þó, eftir því sem við á fara eftir samþykkt þessari, sbr. greinar nr. 2, 3, 4, 8 og 9 og skulu skrá ketti hjá sveitarstjóra. Leyfið er bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Leyfið er háð þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í parhúsi, raðhúsi og/eða öðru fjölbýlishúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki íbúa sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, sbr. 13. tölul., stafl. A, 1. mgr. 41. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

3. gr.

Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Upplýsingar um að hreinsun hafi farið fram ber að skila til sveitarstjóra fyrir 1. febrúar ár hvert.

4. gr.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir tjóni sem köttur hans sannanlega veldur og ber leyfishafa sem hefur kött sinn lausan utandyra að hafa hann ábyrðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfyrtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Fyrir 1. febrúar ár hvert, skulu kattaeigendur senda staðfestingu til sveitarstjóra á að köttur hans sé ábyrðartryggður.

5. gr.

Kettir skulu ávallt bera merki sem veitir upplýsingar um hver sé eigandi hans eða umráðamaður. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna eða næturfriði.

6. gr.

Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

7. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

8. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra.

9. gr.

Köttum má ekki hleypa inn í verslanir, matvælavinnslur, veitingastaði, samkomuhús, skóla, leikvelli, almennar skrifstofur, snyrtistofur, íþróttastöðvar, heilbrigðisstofnanir og aðra sambærilega staði.

10. gr.

Sé köttur ætlaður til undaneldis, þarf sérstaklega að taka það fram í umsókn.

11. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjóra og með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald.

12. gr.

Sveitarstjóri synjar eða gefur út umbeðið leyfi. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

13. gr.

Sveitarstjóri skal sjá um að upplýsingar um leyfð dýr séu skráð í þar til gerða bók. Þar skal einnig skráð nafn og heimilisfang leyfishafa.

14. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

15. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólakinga fyrirvara.

16. gr.

Sé kvartað yfir ágangi katta í íbúðarhverfum er heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Með broti á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hörgárbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem halda ketti nú skulu sækja um leyfi fyrir þá fyrir 30. september 2005.

Umhverfissráðuneytinu, 4. ágúst 2005,

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002.

1.gr.

Lokamálsliður 10 gr. „Vegagerðin skal leggja fram tillögu um gildandi sérleyfi hverju sinni til staðfestingar ráðherra” fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 7. júlí 2005,

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin varðar lóðina nr. 16 við Brekkusíðu og felst í því að byggingareitir fyrir hús og bílskúr færast til suðurs, þannig að bílskúr verður ekki sambyggður við skúr á nágrannalóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. Akureyrarbæjar, 16. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum, karrí, túrmerík (curcuma) og pálmolíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, karrí og afurðum úr því, túrmerík (curcuma) og pálmolíu sem ætluð er til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja inn til landsins:

- a) þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009,
- b) karrí og afurðir úr því sem falla undir tollskrárnúmerið 0910.5000,
- c) túrmerík sem fellur undir tollskrárnúmerið 0910.3000,
- d) pálmolíu sem fellur undir tollskrárnúmerin 1511.1001 og/eða 1511.1009.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rannsóknarvottorði sem viðurkennt er af opinberum aðilum til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki eftirtalin litarefni:

- a) Sudan I (CAS númer 842-07-9);
- b) Sudan II (CAS númer 3118-97-6);
- c) Sudan III (CAS númer 85-86-9);
- d) Sudan IV / Skarlatsrauður (CAS númer 85-83-6).

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknarvottorð samþykkt af opinberu yfirvaldi á EES-svæðinu sem sýnir að hún innihaldi ekki framangreind sudan litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd þessarar auglýsingar skal vera samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og með hliðsjón af ákvörðun 2005/402/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 340/2004 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

Umhverfisstofnunin, 16. ágúst 2005,

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um viðmiðunarmörk vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli.

1. gr.

Viðmiðunarmörk og fjárhæð niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar.

Viðmiðunarmörk vegna niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 98 9. júní 2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, skulu vera jöfn hæsta meðalkostnaði við dreifingu á forgangsorku í þéttbýli, eða 3,60 kr./kWst.

Meðalkostnaður við dreifingu raforku á svæðum þar sem heimiluð hefur verið dreifbýlisgjaldskrá skv. 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, sem er umfram viðmiðunarmörk, skal greiddur niður allt að þeim mörkum. Til ráðstöfunar í þessu skyni eru þeir fjármunir sem ákveðnir hafa verið í fjárlögum til niðurgreiðslna, að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Jafnframt dregst frá ráðstöfunarfénu kostnaður við umsýslu Orkustofnunar samkvæmt áætlun sem iðnaðarráðherra hefur staðfest. Fé því sem þá er til ráðstöfunar til niðurgreiðslna skal skipt hlutfallslega þannig á milli veitusvæða að meðalkostnaður umfram viðmiðunarmörkin lækki í sama hlutfalli alls staðar.

2. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslna.

Dreifiveitur, sem fengið hafa leyfi fyrir sérstakri dreifbýlisgjaldskrá skv. 5. mgr. 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003, skulu fyrir 15. janúar ár hvert senda Orkustofnun upplýsingar um fjölda kWst sem áætlað er að dreift verði á viðkomandi svæði á árinu. Orkustofnun reiknar út hlutdeild viðkomandi svæðis og greiðir helming niðurgreiðslufjáris fyrir 1. febrúar. Fyrir 15. júní skal viðkomandi dreifiveita senda Orkustofnun endurskoðaða ársáætlun. Orkustofnun skal fyrir 1. júlí greiða síðari hluta framlags ársins skv. endurskoðaðri áætlun.

Verði afgangur af niðurgreiðslufénu hjá dreifiveitu skal hann notaður til niðurgreiðslna næsta árs. Komi hins vegar til þess að fé skorti til niðurgreiðslna vegna þess að rafmagnsnotkun eða kostnaður við dreifingu var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir skal tekið tillit til þess við ákvörðun niðurgreiðslna næsta árs.

3. gr.

Umsýsla niðurgreiðslufjár.

Framlag það sem dreifiveita fær til lækkunar dreifingarkostnaðar notenda er ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði í hlutfalli við raforku- notkun hvers notanda. Notendur skulu fá upplýsingar um hve mikið framlagið lækkar gjaldið í kr./kWst að meðaltali.

4. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Fari dreifiveitur ekki að ákvæðum reglugerðar þessarar getur Orkustofnun krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

5. gr.

Gildistaka og reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. gr. laga nr. 98 frá 9. júní 2004 og öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. ágúst 2005,***Valgerður Sverrisdóttir.**

Pétur Örn Sverrisson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarráðs, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir um byggingarleyfi skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna tiltekinnna, minni háttar framkvæmda, þ.m.t. byggingarleyfi vegna nýbygginga, viðbygginga, minniháttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa, fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minniháttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minniháttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna minniháttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásynd þess og eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.
5. Umsóknir um staðbundin réttindi iðnmeistara, sbr. 2. mgr. 37. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
6. Ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. 56. gr. skipulags- og byggingarlaga.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. og framkvæmdaleyfi skv. 4. tölul. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Hafnarfjarðar um skipulags- og byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi

að erindi sé bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð eða óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykkt, skal hann vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

4. gr.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs til kynningar og bókaðar í gerðabók ráðsins en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og afgreiðslur skipulags- og byggingarráðs. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs skal koma fram að framangreindar afgreiðslur hafi verið lagðar fram. Skal listi byggingarfulltrúa yfir afgreiðslurnar varðveittur undirritaður af byggingarfulltrúa og formanni skipulags- og byggingarráðs til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

5. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og byggingarráðs.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. ágúst 2005,

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi Laugabólsslands í Mosfellsdal, Egils móar 3, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Laugabólsslands í Mosfellsdal, Egils móar 3, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 6. júlí sl.

Breytingin sem nú er gerð nær til lóðar Egils móa 3. Í henni felst að íbúðarhús skuli vera á 1. hæð eða 1 hæð og ris. Heimilt er að hafa kjallara. Hámarksgólfhlötur er 250 m². Hámarks veggshæð þegar um er að ræða einhalla þak er 6,5 m og hámarkshæð þaks er 7,5 m. Frárennsli er í umsjón lóðarhafa þar sem endanleg fráveita er ekki fyrir hendi.

Deiliskipulag frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúss við Silungatjörn, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 22. júní sl.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einu frístundahúsi, hámarksstærð 110 m² auk 20 m² geymslu og 50 m² kjallara. Hámarkshæð húss verður 5,5 m.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 12. ágúst 2005,

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,
Tryggvi Jónsson
bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að heimila hægri beygju fyrir almenna umferð af Laugavegi norður Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. ágúst 2005,

Ingimundur Einarsson,
varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði á Ísafirði. Breytingin felur í sér að tenging Tungubrautar við Skutulsfjarðarbraut færist um 33 metra til norðurs. Lóðin að Skeiði 1 stækkar um 942 m² og heimilt er að selja eldsneyti á lóðinni. Gert er ráð fyrir tveimur dælum, skyggni og inntaksklefa 2 X 3 metra, hámarkshæð paks er 5,3 metrar.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 17. ágúst 2005,

Stefán Brynjólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 722/2005
um úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.**

1. gr.

Lokamálsliður B. liðar 3. gr. orðist svo:

Bætur samkvæmt þessum lið skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur lækun bóta Byggðastofnunar milli fiskveiðiáranna 2003/2004 og 2005/2006 en skulu þó að lágmarki vera 20 þorskígildislestir og að hámarki 145 þorskígildislestir.

2. gr.

Reglugerð þesski er sett samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2005,

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
776	12. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1683
777	17. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir Tunguskeiði, Ísafirði, Ísafjarðarbæ	1683-1684
778	17. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 722/2005 um úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.....	1684

